

1979 – Finnur Jónsson.

Það var svo prentað með ártalinu 1918 og notað ári síðar. Hundraðasta merkið er því gefið út í ár. Barnauppeldissjóður Thorvaldsenfélagsins sér um útgáfu jólamerkjanna.

Jólamerkin hafa alla tíð verið ein helsta tekjulind Thorvaldsensfélagsins og til að kynna þau betur var gefið út ritið Jólamerki Thorvaldsensfélagsins í tilefni af 125 ára afmæli félagsins árið 2000. Í þessu riti eru litmyndir af öllum jólamerkjunum, lýsing á þeim og getið um alla þá listamenn sem hafa gert eða ljáð myndir sínar á þau. Í ritinu er gerð grein fyrir merkjunum með augum safnarans og einnig frá listrænu sjónarmiði. Þar er einnig stiklað á stóru í sögu félagsins. Jólamerkið í ár, sem er 100 jólamerkið sem félagið gefur út, er hannað af Baltasar Samper og ber heitið Tré Jesaja. Ágóði af sölu merkisins í ár rennur til Reykjadals

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Desember 2013. Samantekt: Ólafur J. Engilbertsson

Mynd á kápu: 1918 – Þórarinn B. Þorláksson.
Sýningin er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns
Kvennasögusafns Íslands og Thorvaldsensfélagsins.

Jólamerki Thorvaldsensfélagsins



Sýning á úrvali frummynda jólamerkja Thorvaldsensfélagsins

Jólamerki Thorvaldsensfélagsins



1930 – Tryggvi Magnússon.



1931 – Jón Þorleifsson.

Thorvaldsensfélagið var fyrsta kvenfélagið sem stofnað var í Reykjavík, þann 19. nóvember 1875. Tildrögin voru þau að ungum stúlkum, sem fengið var það verkefni að skreyta Austurvöll þegar styttan af Bertel Thorvaldsen var sett þar niður, þótti svo gaman að þær vildu halda áfram að hittast. Fyrstu verk þeirra voru að hjálpa börnum frá fátækum heimilum og framar öllu að hjálpa fátækum stúlkum að mennta sig til munns og handa. Thorvaldsensfélagið var líknarfélag í aðra röndina og baráttutæki fyrir réttindum stúlkna og kvenna í hina.



1938 – Ágústa Pétursdóttir Snæland.

Fundagerðabækur Thorvaldsensfélagsins eru varðveittar á handritasafni Landsbókasafns Íslands, og þar eru einnig varðveittar frummyndir af sumum jólamerkjum félagsins. Thorvaldsenskonur gáfu fyrst út jólamerki árið 1913 í fjáröflunarskyni fyrir góðgerðarstarfsemi ýmiskonar og hafa jólamerki Thorvaldsensfélagsins því komið út í 100 ár.



1956 – Barbara Árnason.

Margir af helstu listamönnum þjóðarinnar hafa ljáð félaginu myndir sínar eða málað þær sérstaklega til að setja á jólamerkin. Þau hafa komið út árlega ef undan er skilið árið 1917 þegar skipinu sem flutti jólamerkin til landsins var sökkt en þá geisaði fyrri heimstyrjöldin. Merkið fyrir árið 1917 var eftir Þórarin B. Þorláksson.